

Alþingi  
Erindi nr. P 133/16  
komudagur 30. 10. 2006



talsmaður neytenda

Alþingi - nefndasvið  
B.t. ritara félagsmálanefndar  
Alþingi  
150 Reykjavík

Embætti talsmanns neytenda  
Forbrugertalsmanden  
The Consumer Spokesman

tn@tn.is www.tn.is

Höfðaborg  
Borgartúni 21, 2. hæð  
IS-105 Reykjavík  
Sími 510 1100, fax 510 1101

Reykjavík, 25.10.2006  
Tilv. 2005/0037 - 2.0  
GT

**Efni: Umsögn talsmanns neytenda um 220. mál, frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 21/1990 um lögheimili með síðari breytingum og skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 með síðari breytingum, óheimil skráning lögheimilis í frístundabyggð (133. löggjafarþing)**

Vísað er til bréfs yðar, dags. 19. október sl., um ofangreint þingmál.

Meðal hlutverka embættis talsmanns neytenda er skv. 6. gr. laga nr. 62/2005 að standa vörð um hagsmuni og réttindi neytenda, stuðla að aukinni neytendavernd og setja fram úrbótatillögur um reglur „er varða neytendur sérstaklega“. Með hliðsjón af því takmarka ég efnislega umsögn mína við hagsmuni og réttindi neytenda; telja má að hagsmunir þeir, sem þingmálið fjallar um, séu öðrum þræði hagsmunir sem varða neytendur. Ég hef ekki áður gefið umsögn um frumvarp þetta á vinnslustigi.

Tel ég ástæðu til þess að taka undir þá megingtillögu sem felst í frumvarpinu af þeim fjórum valkostum sem taldir voru mögulegir, sbr. bls. 3-4 í greinargerð með frumvarpinu. Hef ég þar hliðsjón af dómi meirihluta Hæstaréttar frá 14. apríl 2005 í máli nr. 474/2004 sem er tilefni málsins, svo og af 4. mgr. 66. gr. og 78. gr. stjórnarskrárinnar sem vísað er til í athugasemdum með frumvarpinu. Vísa ég að öðru leyti til þeirra röksemda sem fram koma í þeim athugasemdum og tek þar með undir að leið frumvarpshöfunda sé betri en sú sem farin hefur verið í Danmörku – að leggja höft á eignarnotkun húsnæðis í frístundabyggð. Takmörkun frumvarpsins er því að lögum en ekki í raun.


Að því er varðar 2. gr. frumvarpsins vil ég á hinn bóginn vekja athygli á þeirri lögskýringu sem getið er í niðurlagi athugasemda með því ákvæði á bls. 7 í greinargerð með frumvarpinu. Samkvæmt þeim athugasemdum eru réttindi samkvæmt skráningu lögheimilis í húsnæði í skipulagðri frístundabyggð fram að 1. janúar 2007 – sem skv. ákvæði til bráðabirgða í svo breyttum lögum um lögheimili verður ekki hróflað við – bundin við „það hús sem um ræðir, en

talsmaður neytenda

- stendur vörð um hagsmuni og réttindi neytenda
- stuðlar að aukinni neytendavernd
- gefur út rökstuddar álitserðir
- gerir tillögur um úrbætur
- kynnir reglur um neytendamál
- leiðbeinir um meðferð ágreiningsmála
- bregst við brotum gegn réttindum og hagsmunum neytenda
- er óháður fyrir mælum frá öðrum

ekki þann eða þá einstaklinga sem hafa þar skráð lögheimili 1. janúar 2007.“  
Vegna hagsmuna annarra, sem minnst er á í greinargerðinni, t.d. á bls. 6, af því  
að tekið sé mið af skipulagðri nýtingu lands og fasteigna og vegna væntinga  
sem bundnar eru við það skipulag tel ég koma til álita að fremur sé litið á  
framangreind réttindi sem *persónubundin* – þannig að þau falli niður við  
flutning lögheimilis umræddra einstaklinga úr því húsi sem um ræðir. Er þá  
ekki raskað við réttmætum persónulegum hagsmunum íbúa samkvæmt  
lögheimilisskráningu sem þegar er orðin. Sú lögskýring, sem  
frumvarpshöfundar leggja til, er hins vegar til þess fallin að stofna til  
frambúðar til ósamræmis og misvægis í hagsmunum einstakra  
fasteignareigenda í sömu frístundabyggð m.t.t. sameiginlegra ákvarðana þeirra  
um þjónustustig í sameiginlegum málum á svæðinu, svo sem varðandi viðhald  
og mokstur vega.

Virðingarfyllst,  
talsmaður neytenda,



Gísli Tryggvason.